

25. janúar 2019

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri
Geislagötu 9,
600 Akureyri

Ágæti bæjarstjóri

Erindi þessa bréfs er að óska eftir samstarfi og stuðningi Akureyrarbæjar við framkvæmd Vísindaviku norðurslóða sem haldin verður á Akureyri 27. mars – 2. apríl 2020.

Vísindavika norðurslóða er árleg samkoma alþjóðlegra samtaka sem hafa það sameiginlegt að styðja og hvetja til rannsókna á norðurslóðum. Markmið Vísindavikunnar er að skapa tækifæri fyrir alþjóðlega samvinnu og samstarf á öllum sviðum norðurslóðarannsókna.

Dagskrá Vísindavikunnar skiptist í þrjá megin þætti: 1) Fundir sem tengjast starfsemi Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (IASC) en skrifstofur hennar eru sem kunnugt er hér á Akureyri, 2) ráðstefna um athuganir og vöktun á norðurslóðum (Arctic Observing Summit (AOS) og 3) aðrir fundir hjá öðrum samtökum um málefni norðurslóða. Vísindavikan er hluti af formennskuáætlun Íslands í Norðurskautsráðinu og fundur embættismanna aðildarríkja Norðurskautsráðsins verður haldinn á Akureyri 24.-26. Mars dagana fyrir í Vísindavikuna.

Vísindavikan stendur í 7 daga og reikna má með að þátttakendur verði í allt um 1200-1300 manns en þeir dreifast nokkuð á ráðstefnudagana. Beinn kostnaður við að halda Vísindavikuna er áætlaður um 50-60 mkr. og fellur sá kostnaður aðallega til hér á Akureyri. Að auki greiða ráðstefnugestir sjálfir gistingu og uppihald og má reikna með að sá kostnaður nemi tugum milljóna króna.

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) og Háskólinn á Akureyri eru skipuleggjendur ráðstefnunnar. Skipuleggjendur hafa þegar fengið styrki frá ráðuneytum menntamála, umhverfis, og utanríkis- vegna hluta kostnaðar við að halda ASSW samtals að upphæð 7 mkr. en stærstur hluti kostnaðar vísindavikunnar er greiddur með tekjum af ráðstefnugjöldum.


Vísindavika norðurslóða er umfangsmesta alþjóðlega vísindaráðstefnan sem farið hefur fram á Akureyri og mun færa ferðaþjónustuaðilum á Akureyri umtalsverðar tekjur á tíma sem er annars rólegur fyrir ferðamennsku. Fyrir skipuleggjendur hennar er mikilvægt að hafa gott samstarf við Akureyrarbæ og fá þaðan stuðning. Nánari upplýsingar um

Vísindavikuna eru á meðfylgjandi minnisblaði, „Vísindavika norðurslóða á Akureyri mars – apríl 2020.“

Þess er vinsamlegast farið á leit að Akureyrarbær tilnefni fulltrúa í skipulagsnefnd Vísindavikunnar þar sem einnig verða fulltrúar ofangreindra ráðuneyta, Rannís, Háskólans á Akureyri og IASC skrifstofunnar. Jafnframt er þess farið á leit að Akureyrarbær gerist með ráðuneytunum einn af meginstyrktaraðilum Vísindavikunnar með 2 mkr. framlagi til hennar á árinu 2020.

Með vinsemd og virðingu

F. h. skipuleggjenda Vísindavikunnar,


Þorsteinn Gunnarsson,
Sérfræðingur Rannís



Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir,
Forstöðumaður RHA - Rannsóknamiðstöðvar HA